



Vorskýrsla

Hanna Dóra Björnsdóttir ábyrgðarmaður
Lára Gunndís Magnúsdóttir tók saman

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skólaárið 2020-2021	2
Annáll	5
Teymisvinna 1.- 4.bekkja 2020-2021	8
Teymiskennsla 5.-7.bekkur	10
Teymiskennsla á unglingastigi veturinn 2020-2021	12
Bókasafn Varmahlíðarskóla	13
Byrjendalæsi	15
Félagsmál 7. - 10. bekk veturinn 2020-2021	16
Frístund veturinn 2020 - 2021	17
Heilsueflandi grunnskóli	20
Eineltisáætlun Olweusar	22
Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk	22
Stóra upplestrarkeppnin	23
Árshátíð yngri nemenda	23
Árshátíð miðstigs	24
Árshátíð unglingastigs - Monty Python	26
Náms- og starfsráðgjöf	27
Nýsköpunarkeppni grunnskóla	28
Nýsköpunarkeppni í 5. bekk	28
Útskriftarferðalag 10. bekkjar vorið 2021	29
Sérkennsla og stuðningur við nemendur	31
Tölvu- og upplýsingatækni	34
Skólahreysti 2020-2021	35
Valgreinar á miðstigi	36
Valgreinar í 8. – 10. bekk	36
Vinaliðaverkefnið	38
Vorferð 1. - 4. bekkjar	39
Vorferð 8. - 9. bekkjar 19. maí 2021	40
Vorferðir miðstigs	40

Inngangur

Vorskýrsla er hluti af skólanámskrá Varmahlíðarskóla. Í vorskýrslunni (ársskýrslu skólaársins) er fjallað um það sem hæst ber í starfsemi skólans 2020-2021. Vorskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri í innra mati skólans og mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess. Skýrslan er nokkurs konar svörun við starfsáætlun skólans frá hausti og samantekt á hvernig unnist hefur úr markmiðum og áformum sem þar var lagt upp með. Starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans. Einnig má ávallt nálgast á heimasíðu ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans. Í vorskýrslunni birtast skýrslur um öflugt og skapandi starf sem starfsfólk, nemendur og foreldrar eru stoltir af. Höfunda er getið við hverja greinargerð. Láru Gunndísi er þökkun verkstjórn og utanumhald um efnisöflun í skýrsluna auk yfirlesturs á skýrslunni allri. Stjórnendur og starfsfólk Varmahlíðarskóla þakkar öllum aðilum gott og gefandi samstarf á skólaárinu 2020-2021 og að venju hlökkum við til komandi verkefna.

Skólaárið 2020-2021

Í Varmahlíðarskóla takast skagfirsk börn á við metnaðarfull verkefni, bæði í leik og starfi. Við væntum þess að skólastarfið sé framsækið en skólinn fái samt notið sjarma sinnar sérstöðu sem sveitaskóli. Varmahlíðarskóli er grunnskóli fyrir 1.-10. bekk, staðsettur í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Skólaopning og fyrsti skóladagur var 25. ágúst. Skólastjóri ávarpaði nemendur í setustofu og bauð nemendur í 1. bekk sérstaklega velkomna. Allnokkrir foreldrar fylgdu börnum sínum af stað þennan fyrsta skóladag en flestir höfðu komið með skólabílum að morgni. Skóladagurinn var frá klukkan 9:00 til klukkan 12:00 og almenn ánægja með að byrja skólaárið með þessum hætti. Vorið 2021 voru nemendur skólans 103 talsins. Teymiskennsla og sameiginleg umsjón var á öllum skólastigum. Yngsta stig var að mestu í daglegu starfi tvískipt (annars vegar 1.-2. bekkur og hins vegar 3.-4. bekkur). Útfærsla teymiskennslu og samkennslu tók mið af viðfangsefnum, þörf hópa og aðstæðum hverju sinni.

Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1.	7	2	9	Birgitta Sveinsdóttir Hafðís Guðlaug Skúladóttir
2.	2	7	9	
3.	2	11	13	Sara Gísladóttir Sigrún Benediktsdóttir
4.	2	6	8	
5.	8	5	13	Kristvina Gísladóttir Trostan Agnarsson Þyrey Hlífarsdóttir
6.	4	5	9	
7.	6	5	11	
8.	5	5	10	Ólafur Atli Sindrason Helga Sigurðardóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
9.	3	3	6	
10.	8	7	15	
Samtals			103	

Skólaárið er tvískipt, í haust- og vorönn. Skólastarfið var fjölbreytt að vanda og ber skýrsla þessi því góðan vitnisburð. Allnokkuð var þó óhefðbundið á þessu skólaári, sérstaklega vegna aðstæðna samfélagsins í glímunni við faraldur covid-19. Síðbreytilegar aðstæður og skorður vegna sóttvarnaáðstafana settu okkur skorður í samþættingu og samstarfi eins og skiljanlegt er en ítrekað þurfti að stokka upp hópa sem áður hafði verið ætlað að vinna og starfa saman. Breyta þurfti stundaskrá margoft, færa til starfsfólk og námshópa til að mæta þeim kröfum sem ákvæði sóttvarna kröfðust hverju sinni. Óvissan um fyrirkomulag áframhaldandi skólastarfs varði allt skólaárið með tilheyrandi álagi og óöryggi. Takmarkanir voru misjafnlega hamlandi en lengst var gengið í nóvember og desember þar sem nemendum og starfsfólk skipt í aðskilin sóttvarnarhólf og samneyti takmarkað við þann hóp og svæði sem viðkomandi starfaði á. Við þökkum það lán okkar að ekki reyndi á að loka þyrfti skólanum vegna smits í hópi nemenda eða starfsfólks skólans. En öllum skólum landsins var lokað í 2 daga rétt fyrir páskafrí en þá þótti óvissan um útbreiðslu smita vera full

ógnandi. Skólastarf fékk síðan að halda áfram að loknu páskaeyfi, nánast samkvæmt venju en með gildandi fjöldatakmörkunum. Aðgengi gesta að skólahúsnæðinu var takmarkað í allan vetur vegna aðstæðna og gengið svo langt að foreldrar voru beðnir að koma ekki inn í skólann nema ríka nauðsyn bæri til. Fjarfundir leystu einnig af hólmi samtöl og samráð hefðbundinna samráðsdaga. Samráðsfundir, námskeið og endurmenntun fóru sömuleiðis mestmegnis fram í fjarfundi.

Vegna þess hve óvissuástand teygði sig fram á vorið var ákveðið að skóla yrði slitið með álíka hætti og síðasta vor. Nemendur yngsta stigs og miðstigs voru kvaddir á skólatíma síðasta skóladaginn, þann 27. maí, við litla athöfn í setustofu án aðstandenda. Skólaslit voru haldin hátíðleg þann sama dag kl. 20:00 í Héðinsminni, að viðstöddum nemendum unglingastigs, starfsfólki og foreldrum útskriftarnemenda. Auk tölu skólastjóra fór aðstoðarskólastjóri með annál skólaársins, formenn 10. bekkjar fluttu ávörp, glæsileg tónlistaratriði nemenda settu hátíðlegan blæ á dagskrána og skólasöngurinn var sunginn við góðar undirtektir. Útskriftarnemendur tóku við útskriftarskírteinum og veittar voru viðurkenningar fyrir þátttöku í félagsstörfum og góðan námsárangur. Boðið var uppá kaffibolla og smá kaffiveitingar að lokinni athöfn.

Fjórir starfsmenn voru kvaddir á skólaslitum og þökkun vel unnin störf í þágu skólans og skólasamfélagsins til fjölda ára. Þeir sem létu af störfum eru:

Bryndís Bjarnadóttir kennari í heimilisfræði,
Sara Regína Valdimarsdóttir sérkennari og deildarstjóri stoðþjónustu,
Margrét Guðbrandsdóttir skólaritari og
Sigfríður Jódís Halldórsdóttir matreiðslumaður.

Að auki lét Amalía Árnadóttir starfsmaður í mótuneyti af störfum síðastliðið haust.

Starfsmenn skólans voru 34 á skólaárinu en að auki voru ráðnir tímabundið 2 starfsmenn vegna afleysinga. Stjórnendur skólans voru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu í 2,5 stöðugildi. Kennarar með réttindi eru 15 að meðtöldum stjórnendum og einn leiðbeinandi í hlutastarfi við verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu voru 12,77. Stuðningsfulltrúar voru fjórir í 3,35 stöðugildum. Skólaliðar (og starfsmenn Frístundar) voru fimm í 4,3 stöðugildum. Einn þroskaþjálfari var í 85% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 80% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar voru fjórir í 3,4 stöðugildum.

Varmahlíð, vor 2021
Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri

Annáll

Skólaárið 2020-2021 er á enda runnið. Í kvöld lítum við yfir farinn veg og tökum með okkur minningar og uppskerum eftir störf okkar. Þrátt fyrir takmarkanir voru haustmánuðirnir með nokkuð hefðbundnu móti. Skólaárið hófst með hreyfidögum.

Nemendur kusu sér nemendaráð og formannsstörfum sinntu Lydía og Kristinn Örn. Aðrir aðalmenn í ráðinu voru: Ísak, Gísli Heiðar og Eiríkur Jón. Félagslíf og diskó bar keim af ástandinu, gekk vel með köflum en svo komu tímabil sem ekki mátti blanda nemendum milli skóla og því var minna um skemmtanir en margir hefðu getað hugsað sér.

9. bekkur komst ekki í skólabúðirnar á Laugarvatni en góðu fréttirnar eru þó þær að á næsta skólaári eiga 9. og 10. bekkur pantaða saman dvöl í skólabúðunum sem vonandi verður hægt að njóta.

9. bekkur fékk þó að njóta hestadaga á Hólum á vorönn en það er verkefni sem gaman er að fá að taka þátt í.

Forvarnardagur fyrir 9. bekk, bangsadagur, brjálaður hárdagur, náttfatadagur, gulur dagur og hrekkjavaka voru dæmi um viðburði á haustönn. Það er gaman að taka þátt í slíkum uppbrotsdögum nema ef maður er hræddur við beinagrindur og sjálflýsandi skrímli. Slíkir dagar eru krydd í tilveruna og gleðja okkur sem fáum að njóta.

Í nóvember dró fyrir sólu og við hólfaskiptum skólastarfinu í þrjú hólf með tilheyrandi takmörkunum. Nám og matartímar, allt inn í stofum. Verk og listgreinakennsla var kennd í lotum þar sem kennarar máttu ekki fara milli hólfa. Grímur og spritt urðu hluti af staðalbúnaði starfsmanna og nemenda unglingastígs. Þannig gekk lífið fram að jólum. Við dönsuðum öll saman úti kringum jólatréð sem 4. bekkur sá um að fella í skóginum ásamt, húsverði, skólastjóra, kennara og stuðningsfulltrúa. Það mátti en ekki var hægt að halda í okkar siði eins og venja er á litlu jólunum. Þau voru hólfaskipt og ekkert lík þeim sem við

erum vön. Nemendur og starfsfólks skólans létu gott af sér leiða og gáfu andvirði pakkaskipta til Hjálparstofnunnar kirkjunnar.

Piparkökuhúsagerð var í desember þar sem Bryndís heimilisfræðikennari stjórnaði framkvæmdum að stakri snilld. Ekki var heimilt að allir kæmu saman við verðlaunaveitingu eins og venja er og því var henni streymt úr heimilisfræðistofunni. Dómarar áttu erfitt verk fyrir höndum eins og alltaf. Meistarar að þessu sinni voru urðu þær Iðunn Holst og Jóhanna Guðrún. Í öðru sæti voru Finnur Héðinn og Hrafn Helgi. Lydía og Þóra Emilía í því þriðja. Þorablótið okkar var tvískipt í sóttvarnarskyni og ólíkt því sem við eigum að venjast, maturinn var góður og sungin voru þorralög.

Þegar nýtt ár gekk í garð hófu nemendur elsta stigs æfingar á árshátíðarverki sínu sem að þessu sinni var sett upp án áhorfenda í Miðgarði. Tæknin var notuð til að skapa stemmingu við framleiðslu á stuttum sketsum í anda Monty Python. 10. bekkur hafði fyrir áramót verið í árshátíðarvali sem var undirbúningur að árshátíðarvinnunni.

Yngsta stig setti upp Herramennina, sýningu í Miðgarði með ströngum sóttvarnarreglum þar sem einungis tveir fullorðnir máttu koma og sjá sín börn.

Miðstig tók svo upp sitt árshátíðarverk nú á vordögum í Glaumbæ, þar sem viðfangsefnið var Snorri Sturluson. Já þetta voru sannarlega öðruvísi árshátíðir en starfsmenn sýndu frumleika og lausnamiðaðar útkomur. Nemendur stóðu sig afar vel í þessum aðstæðum og eiga reynsluna í farteksinu.

Kaupfélag Skagfirðinga færði skólanum rausnarlega gjöf, þrívíddarprentara sem notaður hefur verið nú á vorönn í valgreininni þrívíddarprentun undir stjórn Unnar Erlu. Það er ómetanlegt að fá slíka gjöf og spennandi að fylgjast með hvað hægt er að gera á þessu sviði.

Aðrar nýjar valgreinar voru í boði á vorönn það er fjármálalæsi með Helgu Rós og forritun hjá Álfhildi. Báðar afar spennandi og gagnlegar.

Hestamennska var líka nýbreytni í skólastarfinu en þau Unnur María og Gunnar Héðinn stunduðu nám í hestamennsku hjá Hönnu í Arnarholti einu sinni í viku í vetur. Það var líka nýjung sem við höfum ekki boðið upp á áður.

FNV kom og kynnti skólann fyrir nemendum. Einnig voru rafrænar kynningar á skólunum sem í boði eru á Akureyri. Það eru spennandi tímar framundan hjá útskriftarnemendum á nýjum slóðum í haust.

Fjórði bekkur fékk Þakklætisdagbók að gjöf frá Lilju Gunnlaugsdóttur. En tilgangur hennar er að sjá lífið í ljósi þakklætis fyrir það sem það gefur okkur.

6. bekkur fékk bókagjöf frá Sauðárkróksbakaríi en það var bókin Ofurhetjan eftir Hjalta Halldórsson. Þá bók hefur árgangurinn notað í íslenskukennslu í vetur.

1 bekkur fékk reiðhjólahlálma frá Kiwanisfólki, sem eflaust eiga eftir að koma sér vel.

Áhugafolk um mótun skólahverfissins í Varmahlíð mætti á vinnufundi tvö þriðjudagskvöld um mánaðarmót febrúar mars þar sem unnið var í hópum að stefnumótun í skólamálum í Varmahlíð. Væntanlega verður framhald af þeirri vinnu leitt af sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga þannig að útkoman verði til hagsbóta fyrir nemendur framtíðarinnar í framhéraði Skagafjarðar.

Öskudagur rann upp og líkt og í fyrra komu nemendur og starfsmenn í búningum þennan dag. Eftir kennslu fyrsta hluta dagsins héldu allir nemendur og starfsmenn af stað í fyrirtæki og til velunnara í Varmahlíð sungu þar og fengu góðgæti fyrir.

Samstarf grunn- og leikskólans Gaman saman, hélt áfram að áralöngum sið og skólahópur og grunnskólabörn styrktu böndin en þó settu takmarkanir strik í þetta ágæta samstarf.

Bríet Bergdís Stefánsdóttir hafnaði í þriðja sæti stóru Upplestarkeppninnar. En auk hennar tóku Hallgerður Harpa Vetrarrós og Svandís Katla þátt fyrir hönd skólans. Telma Sjöfn var varamaður. Allar stóðu þær sig með stakri þrýði. Það var gaman að fylgjast með framförum nemenda 7. bekkjar þegar æft var fyrir Upplestrarhátíðina.

Litla upplestrarkeppni 4. bekkjar var haldin nú á vordögum og vegna takmarkanna var viðburðinum streymt heim til foreldra sem urðu að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá skólanum.

Nýsköpunarkeppni 5. bekkja í Skagafirði var haldin í öllum skólum fjarðarins undir stjórn Ingva Hrannars Ómarssonar. Þeir Fjölur Þeyr og Viktor Daði urðu hlutskapastir þar að þessu sinni.

Skólahreystiliðið okkar þau, Arndís Katla Óskarsdóttir, Herdís Lilja Valdimarsdóttir, Ísak Agnarsson og Kristinn Már Eypórsson. varð í öðru sæti í sínum riðli í undankeppninni á Akureyri og eru nú á leið um næstu helgi í úrslitakeppnina. Til vara eru Hákon Kolka Gíslason og Lydía Einarsdóttir.

8. bekkur tók þátt í undanriðli Pangea stærðfræðikeppninni og þar komst Iðunn Holsts áfram.

Í morgun tóku starfsmenn áskorun tíundabekkjara í brennó og bandý. Hanna Dóra stóð lengst starfsmanna í brennó og starfsmenn unnu 10. bekk í æsispenndandi bandýleik.

Það sem upp úr stendur eftir veturinn er síbreytilegt skólastarf þar sem þarf að búast við því að allt geti breyst á örskotsstundu. Við höfum lært ýmislegt á þessu öllu. Við fullorðna fólkið kveinkuðum okkur stundum yfir álagi á þessum tímum en hugur minn er hjá ykkur nemendum unglingastigs sem hafið sýnt mikið þolgæði. Þið hafið aðlagð ykkur vel að takmarkandi lífi og tekið af æðruleysi við því að ekki var hægt að hafa árshátíðarball, Danmerkurferð og fleira spennandi sem við höfum vanist að séu sjálfsagðir hlutir í okkar skólastarfi. Vonandi gefa framhaldsskólaárin ykkur upplifanir og tækifæri sem ungu fólki er nauðsynlegt veganesti til framtíðar.

Að endingu eftir þetta köflótta skólaár er við hæfi að vitna í Línu Langsokk sem sagði að það væru forréttindi að vera í skóla að því leyti að maður fengi að minnsta kosti sumarfrí.

Lára Gunndís Magnúsdóttir

Teymisvinna 1.- 4.bekkjara 2020-2021

Teymisvinna 1.-4.bekkjara samanstóð af fjórum kennurum, einum stuðningsfulltrúa og þroskaþjálfara.

1.-2.bekkur: Birgitta Sveinsdóttir og Hafdís Skúladóttir

3.-4.bekkur: Sara Gísladóttir og Sigrún Benediktsdóttir

Stuðningsfulltrúi: Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir

Proskapjálfi: Sif Káradóttir

Hvert umsjónarteymi sá um sína umsjónarbekki. Stuðningsfulltrúi fylgdi 3.-4. bekk og þroskajálfi kom með sérkennslu inn í alla bekkina.



Teymið hafði samráðstíma í stundatöflu sem voru vel nýttir og viljum við endilega halda því fyrirkomulagi áfram. Gott að hafa tvöfalda samráðstíma fyrir allt teymið og auk tíma fyrir samkennara.

Við mælum með að stuðningskennsla sé á höndum kennara innan teymis. Gott að einn kennarinn í teyminu sé tengiliður við skólastjórnendur.

Yfir vetrartímann þurfti að hólfaskipta nemendum og starfsfólki vegna Covid-19 heimsfaraldri og þá unnum við þannig að 1.-2.bekkur var sér og 3.-4.bekkur sér en kennarar héldu samt sínum samráðstímum áfram.

Margt var unnið í samráði og undirbúningur kennslu var sameiginlegur og aðlagð að árgöngum.

Okkur finnst núverandi kerfi á stigsfundum ekki nógu skilvirkt. Viljum hafa faggreinakennara og skólaliða á fundunum til að gera þá faglegri og skilvirkari.

Til að faggreinakennarar og skólaliðar geti mætt á stigsfundi þá mælum við með því að þeir séu ekki hafðir á sama tíma þannig að þessir aðilar geti mætt á alla þá stigsfundi sem þarf. Gott að stigsfundir skarist ekki á við Smáratíma.

Birgitta, Hafðís Guðlaug, Sara G., Sigrún Ben.

Teymiskennsla 5.-7.bekkur

Að hausti var sett saman teymi þriggja kennara og eins stuðningsfulltrúa til þess að hafa umsjón með miðstigi. Hópin skipuðu kennararnir Þyrej Hlífarsdóttir, Kristvina Gísladóttir, Trostan Agnarsson og stuðningsfulltrúinn Sigrún Björg Gylfadóttir.

Til undirbúnings hafði verið fundað undir lok fyrra skólaárs með Ingvari Sigurgeirssyni kennsluráðgjafa og ráð fengin varðandi skipulag og flæði í hópi sem þessum. Var hann nokkuð ákaft krafinn um svör við því hvað reyndist best og hvaða aðferðir gæfu besta raun. Vildi hann síður velja aðferðir en mælti helst með því að prófa sem flest og ef kostur væri að hafa sem mest verklegt. Einnig benti hann á valgreinar eða hringekju sem reynd hefði verið á Ísafirði og gefið góða raun.

Sumarið leið og fyrr en varði kom haust. Hófst þá skólastarf og var haldið áfram þar sem frá var horfið með undirbúning. Ákveðið var að umsjón yrði fljótandi og að allir gætu gengið inn í hvaða námsgrein sem hentaði hvenær sem væri. Einnig var farið af stað með valgreinar, einn tíma á dag, þrisvar í viku. Til þess að undirbúa ýmis mál og að skipuleggja vikuna hafði hópurinn tvöfaldan tíma í stundatöflu til þess að ráða ráðum sínum.

Kennarahópurinn skipti með sér bekkjum og skipti með sér bekkjum og voru skipti yfirleitt vikulega, undantekning var þó stærðfræðikennsla í 7.bekk en Kristvina byrjaði með þann hóp og var talið heppilegt að hún sæi alfarið um hann fram yfir samræmd próf í september.

Á vikulegum samráðsfundum fór mestur tími í nemendamál og að samræma og skipuleggja næstu skref. Allnokkur tími fór einnig í undirbúning og skipulag valgreinatíma. Ekki leið þó á löngu uns ljóst varð að þetta fljótandi kerfi hentaði ekki nógu vel. Ákváðum við því að skipta með okkur verkum á þann veg að Kristvina tók 7.bekk að sér, Þyrej 6. bekk og Trostan 5.bekk og fylgdi Sigrún 5.bekk að mestu. Eftir þessa skipulagsbreytingu héldumst við betur á floti og fengum betri yfirsýn.

Stuttu eftir þessa breytingu kom að annarri skipulagsbreytingu, þá vegna covid, og urðu hóparnir þá að vera hver í sínu lagi um alllangt skeið. Samráðsfundir urðu þá helst rafrænir.

Stigsstjórinn Þyrey sá þá sem endranær um að miðla upplýsingum frá stjórnendateymi og gafst þá einnig tóm til þess að fara yfir mál og samræma áherslur eftir því sem ástæður leyfðu og kölluðu á. Stiggstjóri útbjó rafræn yfirlitsskjöl sem sýndu skipulag hvernar viku og viðfangsefni hvers tíma. Voru þau mikið notuð og til þæginda en úr notkun þeirra dró undir lok skólaársins.

Af þessum völdum féllu valgreinar niður um langt skeið, mörgum til sárra vonbrigða, en þær komust þó aftur á dagskrá um tíma en ekki varð sá tími langur því að annað kallaði á þann tíma sem síðar verður komið að. Á meðan á þessu stóð var skóladagurinn skertur og þurfti þá að velja og hafna. Var ákveðið að verja tímanum helst í íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði.

Áður var greint frá því að tillögur hafi fengist frá Ingvari Sigurgeirssyni. Valgreinarnar voru hluti af þeim hugmyndum á þann hátt að þar var viðfangsefnið alla jafna verklegt og að þar var fyrst og fremst hugsað um mannlega þáttinn eða samskiptin. Má segja að sá hluti hafi tekist vel. Ekki gáfust mörg færi á því önnur að hafa verkleg viðfangsefni, var það reynt um skeið í stærðfræði og gaf þokkalega raun.

Til viðbótar má nefna að við vorum ákveðin í því að hafa markmið sýnileg nemendum svo að þeir vissu sem best að hverju væri stefnt hverju sinni. Þjuggum við til eitt slíkt strax í fyrstu vikunni svo að nemendur æfðust í aðferðinni en síðan ekki söguna meir.

Eftir að hömlur losnuðu nokkuð í janúar var hægt að fara að huga að árshátíð sem fjallað er um á öðrum stað. Til þess að undirbúa þá vinnu voru val tímarnir nýttir og skýrir það hversu lengi þeir hurfu af dagskrá sem slíkir.

Eins og fyrr var komið varð ekkert úr því að hafa markmiðin sýnileg eins og við höfðum stefnt að og einnig varð minna úr því að hafa viðfangsefnin verkleg eða að hafa eins mikla samþættingu og stefnt var að en það helgast fyrst og fremst af því að stundataflan leyfði það ekki.

Þó að árið hafi liðið hratt má margt um það segja. Ekkert fer eins og ætlað er. Það er hægt að læra af reynslunni og að finna sinn takt. Við fundum fremur heppilegan takt fyrir okkur og hópinn og gleðjumst yfir því að hafa valið þessa leið fremur en flotið sem við byrjuðum á.

Pyrey, Kristvina, Trostan

Teymiskennsla á unglingastigi veturinn 2020-2021

Veturinn 2020-2021 var teymiskennt á unglingastigi - þ.e. 8.-10.bekk.

Þrír umsjónarkennarar voru settir á stigið, Helga Sigurðardóttir, Ólafur Atli Sindrason og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir. Samkennt var í 8.-9.bekk en 10.bekknunum sérkennt.

Umsjónarkennarar röðuðu sér ekki niður á bekk - heldur höfðu sameiginlega umsjón með öllum bekkjunum - sem kom m.a. fram í því að umsjónarviðtöl voru blönduð þvert á bekki o.fl. í þeim dúr.

Kennarar eru sammála um að betra hefði verið að hver kennari hefði tekið að sér einn bekk - þó svo teymið sem slíkt hefði með sér samráð um málefni bekkjanna.

Með því móti telja þeir að öll dagleg vinna við umjónina hefði orðið skilvirkari - s.s. upplýsingastreymi til foreldra og eins daglegt upplýsingastreymi til nemenda.

Leggjum við til að þetta verði skoðað næsta vetur, þar sem áætlað er að hafa sama fyrirkomulag á teymissamsetningum. Ljóst er þó að stokka þarf núverandi kerfi aðeins upp - þar sem 9.-10. bekkur verða í samkenndu.

10.bekkur verður að hafa "sér tíma" í töflu - þar sem mörg málefni þessa síðasta bekkjar grunnskólans eiga bara við þann bekk - en ekki samkenndubekkinn.

Nauðsynlegt að hafa a.m.k. tvo samliggjandi tíma í töflu til samráðs.

Helga Sig., Unnu Erla og Ólafur Atli

Bókasafn Varmahlíðarskóla

Starfsskýrsla veturinn 2020-2021

Starfsemi bókasafnsins þetta skólaárið var mjög mikið litað af Covid-19 heimsfaraldrinum og þeirra ströngu sóttvarnarreglna sem voru í gildi.



Bókasafn Varmahlíðarskóla

Bókasafnið var ekki opið almenningi í vetur, heldur einungis opið fyrir nemendur og starfsfólk Varmahlíðarskóla. Bókasafnið var opið allan daginn og nemendur höfðu góðan aðgang að bókasafninu yfir daginn og gátu leitað til bókasafnsvarðar þegar þurfti. Hafður var þann hátturinn á að nemendur gátu skráð bækurnar sjálfir í tölvunni (á google sheet skjali) sem auðveldaði til muna skráningar á útlánum og skilum.

Nemendur 1. – 4. bekkjar fengu bókakassa lánaða til að hafa í stofunum og var skipt um þá annað slagið. Einnig fengu margir bekkir tímaritaöskjur að láni til skemmri tíma og var Andrés Önd vinsælastur. Einnig var skipulaginu breytt á bókasafninu sjálfu þannig að nýjustu bækurnar og vinsælustu barna- og unglingabækurnar voru hafðar á borðum við dyrnar þannig að nemendur og starfsfólk gátu séð strax hvað var í boði. Einnig var tekið til á bókasafninu, uppröðun bóka og gagna breytt og aðgengi bætt til muna.

Á safninu er gott úrval skáld- og fræðiritra, bæði fyrir börn og fullorðna og nokkuð er til af hljóðbókum. Þar er einnig að finna tímarit og mynddiska. Fjárframlög til safnsins frá rekstraraðilum skólans hafa jafnan verið rausnarleg og gert okkur kleift að bæta verulega við safnkostinn á hverju ári.

Nemendur 1. - 7. bekkjar voru í formlegri safnkennslu einn tíma á viku og eldri nemendur fengu aðstoð við heimildaöflun ýmiss konar og gátu unnið á safninu eftir þörfum. Einnig er safnið mikið notað til sérkennslu ýmiss konar og kennslu yngri barna. Listaverk nemenda eru jafnan höfð til sýnis á bókasafninu.

Nemendur vinna ýmiss konar verkefni í safnkennslunni þar sem samþætt eru íslenska, upplýsingatækni, forritun, stærðfræði og fleira. Nemendur fá að kynnast starfsemi bókasafnsins, tegundum bóka, fræðslu um bókahöfunda og hvernig fræðibækur eru skráðar og geymdar á bókasafninu.

Yndislestur er viðhafður í skólanum og þar taka allir þátt, bæði starfsfólk og nemendur. Það er lesið í 20 mínútur á dag og hefur það hvatt nemendur til lestrar. Nemendur eru einnig mjög duglegir að nýta sér bókasafnið.


Ýmiss konar lestrarátök, sem hafa verið undanfarin ár, voru með öðru sniði í ár og var misjafnt eftir áhuga og getu hvort tekið var þátt í þeim.

Bókasafn Lýtingsstaðahrepps hins forna var lagt niður á vordögum og voru allnokkrar bækur þaðan sendar hingað á bókasafnið til geymslu og varðveislu. Fyrirhugað er að breyta bókasafni Varmahlíðarskóla í almenningabókasafn í samstarfi við Héraðsbókasafn Skagfirðinga.

Útlán fóru fram í landskerfi bókasafna, Gegni og voru þau alls 1.208. Einnig voru all margar bækur fengnar í millisafnaláni frá Héraðsbókasafni Skagfirðinga.

Sumarlestur 2020

Sumarið 2020 var í sautjándan sinn boðið upp á sumarlestur í Varmahlíðarskóla. Var hann ætlaður nemendum í 1.-5. bekk og markmiðið að hvetja yngri nemendurnar til að lesa að sumrinu því kannanir hafa leitt í ljós að börnum sem eru að læra að lesa fer mjög oft aftur í lestri á sumrin.



Í ár var breyting á sumarlestrinum. Í stað þess að senda út þátttökulista þá var ákveðið að nýta sér sumarlestrarform frá Menntamálastofnun þar sem nemendur áttu sjálf að fylla út í lestrarlestina og skila inn til Menntamálastofnunar

(https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2021/05/sumardagatal_2020_oll_landakort.pdf). Ekki er vitað hversu mörg börn tóku þátt.

Bókasafnið var opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, alls fimm sinnum. Aðsókn var nokkuð góð og nemendum fylgdu foreldrar og systkini sem einnig fengu bækur að láni. Auk þess lásu

nemendur heilmikið af bókum sem til voru heima hjá þeim eða fengnar að láni annars staðar. Sumarlesturinn hefur fest sig í sessi og verður aftur boðið upp á hann næsta sumar.

Sara Gísladóttir

Byrjendalæsi

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var kennd í 1.-3. bekk í vetur. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta, í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphafslega textans.

Í vetur byrjaði hver vika á lestri sögubókar. Notaðar voru vinsælar barnabækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta. Unnið var með lykilorð upp úr bókinni og nemendum 1. bekkjar voru kenndir tveir stafir úr lykilorðinu. Lykilorðið var klippt í sundur og því raðað saman aftur og fundin orð í orðinu. Stafainnlögn var markviss fjóra daga í viku, þá einn stafur í senn.

Á mánudögum byrjuðum við á lestri bókarinnar. Á þriðjudögum og föstudögum var stöðvavinna með ýmiss konar verkefnavinnu. Hina dagana var spjallað um bókina og síðan fórum við í hóp- eða einstaklingsverkefni. Á föstudögum sýndum við afrakstur vinnunnar, ef það átti við. Oft var bók vikunnar samþætt verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði og þá unnum við gjarnan með hana í tvær vikur samfellt.

Alla vikuna var unnið með texta bókarinnar á mismunandi hátt, s.s. spil, krossgátur, orðasúpur eða sóknarskrift. Einnig voru unnin ritunarverkefni, s.s. sögugerð, leikrit, söguvegur eða bréfaskrift. Stundum var fönðrað og teiknaðar myndir. Nemendur unnu minna í hefðbundnum vinnubókum. Þó nokkuð var um stór sameiginleg hópaverkefni, þar sem afraksturinn var veggspjald eða eitthvað annað sýnilegt.

Formlegri stafainnlögn lauk í febrúar og þá var farið að vinna með hugtök eins og samsett orð, mismunandi merkingu sama orðs og rím.

Nemendur unnu oft í hópum eða hringekju. Kennarar eru sammála um að vinnugleði hafi einkennt nemendur en það var meiri hreyfing og erill í kennslustundum en með hefðbundinni kennsluaðferð. Með því að láta nemendur vinna í hópum þá myndast ákveðið svigrúm til að vinna ítarlega með einstaka nemendur.

Nemendur lásu í heimalestrarbókum einu sinni á dag en það var ekki eina heimavinnan sem tilheyrði Byrjendalæsi, því stundum skrifuðu nemendur orð í stílabók heima, upp úr lestrarbókunum. Einnig voru nokkur heimaverkefni tengd samþættingu Byrjendalæsis við samfélags- og náttúrufræðigreinar.

Birgitta Sveinsdóttir, Hafdís G. Skúladóttir, Sara Gísladóttir og Sigrún Benediktsdóttir

Félagsmál 7. - 10. bekk veturinn 2020-2021

Veturinn 2020-2021 var starfandi nemendaráð við skólann eins og aðra vetur og er það skipað 10 nemendum úr 7. - 10. bekk. Þeir nemendur sem buðu sig fram í 7. - 9. bekk héldu sínar framboðsræður fyrir sína bekki og var svo kosið í hverjum bekk. Þeir nemendur í 10. bekk sem buðu sig fram til formanns, héldu sínar framboðsræður fyrir alla nemendur í 7. - 10. bekk, sem síðan kusu formenn nemendaráðs.

Nemendaráð 2020-2021

Aðalmenn:

Kristinn Örn Guðmundsson 10. bekk formaður

Lydia Einarsdóttir 10. bekk formaður

Ísak Agnarsson 9. bekk

Gísli Heiðar Jónsson 8. bekk

Eiríkur Jón Eiríksson 7. bekk

Varamenn:

Jóel Agnarsson 10. bekk

Lilja Diljá Ómarsdóttir 10. bekk

Emilia Kvalvik Hannesdóttir 9. bekk

Trausti Helgi Atlason 8. bekk

Bríet Bergdís Stefánsdóttir 7. bekk

Nemendaráð sá um skipuleggja félagsmál og diskótek ásamt Sólrúnu Jónu Ásgeirsdóttur sem hélt utan um félagsmálin í vetur fyrir hönd skólans. Einn starfsmaður frá Húsi frítímans kom svo til aðstoðar á félagsmáladögum. Að jafnaði voru félagsmál annan hvern fimmtudag. Þá voru félagsmálin til skiptis frá kl 16 -18 eða frá kl 16 - 21, en þá var oftast einhver keppni á milli bekkja kl 16 -18, matur kl 18 -18:30 og svo diskótek til kl 21.

Ýmislegt var brallað í vetur. Paint ball og leikir í íþróttahúsi. Kósýspjall, bío, playstation og spil, í skólanum. Keppnir á milli bekkja er orðin fastur liður, fótbolli, dodgeball, bandý og spurningarkeppni eru á meðal keppna sem fóru fara fram í vetur. Lokadagur félagsmála var svo 26. maí. Í ár voru leikir og húllumhæ uppá velli og hoppudýnu, fengum svo grillaða hamborgara í skólanum í boði foreldrafélags Varmahlíðarskóla, heimkeyrsla var kl 18:30.

Ýmsir viðburðir eru á vegum félagsmiðstöðvarinnar Friðar fyrir nemendur í 8. - 10. bekk. Halloweenball á Hofsós, jólaball og söngkeppni í Miðgarði, Norður-Org, Samfés í Reykjavík og árshátíð Friðar í Ljósheimum eru á meðal þeirra viðburða, en vegna Covid-19 var öllum þessum viðburðum frestað í ár.

Hús frítímans bauð upp á í vetur, eins og síðustu ár að nemendur frá 4. bekk og uppúr kæmu á föstudögum í hinar ýmsu smiðjur þar. Frístundastrætó byrjaði í október og keyrði á föstudögum kl 13:20 og til baka kl 17:00. Einnig gekk skíðastrætó í Tindastól þegar þannig viðraði.

Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir

Frístund veturinn 2020 - 2021

Frístund tók til starfa viku fyrir skólasetningu, eða þann 18. ágúst 2020. Þessi fyrsta vika var því opin öllum börnum úr 1. - 4. bekk og þarf að sér skrá börnin þessa viku þar sem þetta eru svokallaðir langir dagar, þ.e. Frístund er opin allan dagin, frá kl. 08:00 - 16:00.

Á löngum dögum fá börnin morgunmat, hádegismat og hressingu um miðjan dag.

Langir dagar eru nokkrir yfir skólaárið og er eitt og annað gert til að brjóta upp þá daga, eins og að fara í íþróttahúsið, gönguferðir, skreppa á Ærslabelginn o.fl.

Að auki eru stuttar frímínútur og einnig lengri útivistir með frjálsum leik. Allt fer þetta eftir veðri og vindum, en þess á milli erum við inni þar sem börnin eru í ýmiskonar frjálsum leikjum með dót, liti og blöð, lestur eða hvað sem þau óska sér.

Þann 25. ágúst var síðan skólasetningin og mættu þá allir nemendur í skólann og líf og fjör færðist yfir skólasamfélagið okkar. Skráningu barna sem ætla að vera í Frístund í vetur var þá lokið, en þessa fyrstu viku haustannarinnar voru skertir dagar í skólanum og komu Frístundar börnin því fyrr í Frístund, eða kl. 12:30 - 16:30. Þann 1. september hófst síðan hefðbundið skólastarf og mæta börnin þá í Frístundina þegar skóla lýkur.

Skólastarfið í haust byrjaði einnig með eðlilegum hætti, eða alveg þangað til í nóvember, þá skall aftur á bylgja vegna Covid-19 veirunnar og voru sóttvarnarreglur hertar í landinu.

Svo þann 3. nóvember hófst að nýju skert skólastarf og lauk skóla kl. 13:00 alla daga. Frístund tók þá við hjá þeim börnum sem voru með fasta skráningu, og var opið hjá okkur frá kl. 13:00 - 16:00 alla virka daga, þangað til þann 7. janúar 2021 þegar hefðbundið skólastarf fékk að byrja að nýju og hefur það haldist þannig fyrir utan tvo daga fyrir páska sem var alveg lokað í öllum grunnskólum og frístundaheimilum landsins vegna skyndilegrar fjölgunar á smitum, sem aðallega einskorðaðist við suðvesturhorn landsins.

Eftir páskafríið mættu þó allir glaðir í skólann og var hefðbundið skólastarf leyft strax og Frístund því opin á eðlilegum tíma.

Þetta síðasta ár, alveg frá því í mars 2020, hefur því verið með mjög sérstökum hætti og er sérkennilegt að upplifa svona ástand í samfélaginu. En blessunarlega hefur tekist að halda grunnskólum og frístundaheimilum opnum á þessum furðulegu tímum og ber að þakka fyrir það.

Við göngum því glöð inn í sumarið og vonumst til að þetta ástand í heiminum verið lokið þegar við mætum að nýju í haust eftir langt og gott sumarfrí, endurnærð og uppfull af D-vítamíni eftir sól og yl hins íslenska sumars.

Linda Gunnarsdóttir, Guttormur Hrafn Stefánsson

Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta samstarfsverkefni hefur verið í svipuðu sniði milli skólanna í allmörg ár og hefur gengið mjög vel. Allir bekkir skólans hafa farið í heimsókn í leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Þá hefur skólahópur leikskólans komið reglulega í heimsóknir, í alla bekki skólans. Markmiðið er að skólahóps börnin komi í kennslustundir í sem flestum námsgreinum skólans. Þá hafa yngstu nemendur skólans og börnin í skólahópi leikskólans farið saman í gönguferðir og boðið hvert öðru á viðburði í báðum skólunum.

Þetta skólaár, líkt og það síðasta, var ákveðið að færa út kvíarnar og bæta við samstarf skólanna. Markmiðið var m.a. að halda félagslegu tengslunum milli nemendahópa skólanna, í ljósi teymis- og samkennslu í Varmahlíðarskóla. Haldinn var kynningarfundur í haust með foreldrum barnanna í báðum hópunum. Þar var starfið kynnt og fékk góðar viðtökur. Góð tengsl mynduðust við foreldra og voru upplýsingar í formi tölvupósta sendar heim eftir hvert skipti sem við hittumst. Ákveðið var að leggja 3 kennslustundir undir starfið, einn dag í viku, þar af ein kennslustund í íþróttum. Samveran var til skiptis í skólunum. Útikennsla var nýtt, eins og veður og aðstæður buðu upp á en einnig voru unnin ýmis verkefni innan dyra. Verkefnin voru margvísleg, þar sem leikur og sköpun, fengu að njóta sín. Nokkrir fastir póstar voru í hvert skipti sem við hittumst. Alltaf voru teknar myndir af verkefnunum og voru veðurfræðingar sem tóku veðrið og skráðu í sérstakt veður skjal. Nestistímar voru hluti af samveru okkar, hvort sem verið var úti eða inni. Gott var að hlaða batterið og fá smá ávaxtapásu. Þar sem vinaliðafrímínútur Varmahlíðarskóla, féllu inn í samverutíma okkar, tókum við þátt í þeim þegar við vorum þar. Leikskólaval eldri nemenda lenti einnig á samstarfstíma okkar og fylgdu krakkarnir úr leikskólavaliðinu okkur eftir, jafnt í leik og störfum, sem og í gönguferðum á milli staða.

Tveir kennarar af leikskólanum Birkilundi tóku þátt í samstarfinu, þær Fanney Friðriksdóttir og Linda Björnsdóttir. Sú breyting varð á, frá fyrra ári, að sameiginlegur undirbúningstími kennara beggja skólanna, var ekki lengur á meðan börnin voru í íþróttum heldur annan dag.

Íþróttatímarnir voru úti framan af hausti. Farið var í leiki uppi á íþróttavelli, gengið um nágrennið og umhverfið skoðað. Þegar kólna tók í veðri, færði hópurinn sig inn í íþróttahúsið. Íþróttakennarinn,

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, kom með þá tillögu, að allir krakkarnir færu í klefana í íþróttahúsinu og lærðu að ganga um þá. Það hefur oft tekið langan tíma fyrir sum börn að aðlagast þeim aðstæðum í skólabyrjun. Gekk þetta mjög vel. Fljótlega mættu flest skólahópsbörnin í íþróttafötum innan undir fatnaði og voru eldflyót að fara í gegnum klefana. Íþróttatímarnir voru yfirleitt í formi stöðvavinnu, þar sem reyndi á margvíslega færni, sem og í formi margvíslegra hópleikja. Á vordögum var svo farið í sundtíma í stað íþróttar, en þá voru það einungis skólahópsbörnin. Sóttvarnarreglur vegna Covid19 höfðu mikil áhrif á starfið okkar í vetur og varð það fyrir vikið mjög stopult og fjaraði í raun út í mars. Það var því mun minna gert en til stóð, en við teljum að þetta verkefni hafi gengið mjög vel og hefur mikil gleði fylgt samverunni í vetur.

Birgitta Sveinsdóttir

Heilsueflandi grunnskóli



Varmahlíðarskóli hefur um nokkurt skeið verið heilsueflandi grunnskóli og er reynt miðla þeirri hugsun til nemenda að líkamleg og andleg heilsa skipti miklu máli og sé í raun lykilatriði til þess að fólk öðlist ró í sínum beinum.

Unnið er að þessum þáttum á hverju ári með mörgum hætti og hefur teymið minnt á þetta með margs konar fræðslu og tilbreytingu í skólastarfinu sem nemendur muna alla jafna eftir.

Á haustdögum hafa verið haldnir hreyfidagar um nokkurra ára skeið en þá fá nemendur holla og góða hreyfingu. Í haust voru þrjár lotur. Fyrst var leikja- og klifurdagur, næst var það skólahlaup og loks hjólaferð í Heiðarland.

Allt tókst þetta vel og féll vel að markmiðunum og holla og góða hreyfingu. Þeir dagar höfðu verið skipulagðir vorið áður, eins og jafnan, enda ekki langur tími aflögu til undirbúnings þegar skólastarf hefst að hausti.

Eftir þessa daga var komið að því að skipuleggja starf vetrarins. Margt var rætt og ákveðið að velja markmið til þess að starfa eftir þennan veturinn. Þau voru eftirfarandi:

að huga að:

- næringu og sjálfsmynd nemenda
- líðan starfsfólks og starfsanda

Hópurinn hefur sótt um styrki í ýmsa sjóði til þess að fjármagna fyrirlestrahald, ferðir og annað sem talið hefur verið falla að markmiðum hans. Lýðheilsusjóður veitti 200 þúsund króna styrk en frá öðrum bærust þau svör að við yrðum að reyna aftur síðar.

Þó að ekki hafi borist miklir fjármunir til hópsins stóð ýmislegt til en þó varð lítið úr dagskrá. Hömlur sem settar voru á skólastarf í október 2020 urðu til þess að ekki var um hefðbundna árshátíð unglingastigs að ræða og ekki heldur um danskennslu sem alla jafna hefur verið tengd þeirri vinnu.



Eftir að hömlum var aflétt tímabundið var fundað með fulltrúum nemenda, Daníel Smára Sveinssyni, 8. b og Lilju Dilljá Ómarsdóttur, 10.b til þess að fara yfir starfið, markmiðin, hugmyndir og að fá að heyra tillögur þeirra. Þar var og greint frá því að samstarf við Listaháskólann, Listalestin, sem frestað hafði verið ári fyrr, vegna covid, var aftur komin á dagskrá. Henni var svo aflýst skömmu síðar, aftur vegna covid, og verður e.t.v. kynnt hér á næsta ári.

Má í stuttu máli segja að ekki hafi gefist mikið tóm til þess að starfa að markmiðunum til þess að vinna að markmiðunum sem sett voru fram hér að ofan. Á vordögum fengu nemendur reyndar að njóta þess að hlýða á netfyrirlesturinn Vegferð að vellíðan og velgengni. Eru þar gefin ráð um það hvernig lífa eigi hamingjuríku lífi á þeirri langferð sem lífið er. Starfsfólk fékk svipaðan fyrirlestur sem nefnist Ró í ólgusjó.

Má segja að lífið þennan vetur hafi verið í ólgusjó þó að róin hafi fundist inn á milli og sé vonandi innan seilingar og gefi fleiri færi á næsta vetri til þess að vinna að markmiðunum góðu um heilbrigða sál í hraustum líkama.

Bryndís, Lína, Trostan, Lára

Eineltisáætlun Olweusar

Í Varmahlíðarskóla var í vetur áfram unnið undir merkjum Olweusar, verkefnastjórar voru Kristvina Gísladóttir og Lára Gunndís Magnúsdóttir. Í faghópi störfuðu, Helga Sigurðardóttir, Sigrún Benediktsdóttir, Sólrún Ásgeirsdóttir, Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir ásamt Kristvinu verkefnastjóra.

Starf vetrarins var aðlagð að heimsfaraldri sem setti óneitanlega ákveðnar skorður.

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega í öllum bekkjum. Haldin var stígskipt dagskrá þann 25. nóvember í tilefni af degi gegn einelti. Olweusarkönnun var lögð fyrir nemendur í 5. - 10. bekk mun seinna en venja er eða í febrúarlok. Niðurstöður úr könnuninni bárust ekki fyrr en á vordögum og stefnt er að því að kynna þær á starfsmannafundi í ágúst. Einnig eru þær aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Haldin var einn starfsmannafundur á árinu þar sem öllum starfsmönnum skólans var skipt í 3 hópa og settir upp bekkjarfundir.

Kristvina Gísladóttir og Lára Gunndís Magnúsdóttir

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk



Við höfum upplestrarhátíðina með æfingum í apríl. Hátíðin sjálf fór fram í skólanum 6. maí í setustofni og voru gestir 1. - 3. bekkur og starfsfólk. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna varðandi Covid-19 þá var viðburðinum streymt í gegnum Google Meet til foreldra. Sara Gísladóttir sá um æfingar að hluta og

Sigrún Ben að hluta sem einnig sá um framkvæmd flutningsins ásamt Hönnu Dóru og Láru. Gerður var góður rómur að upplestrinum og börnunum klappað lof í lófa í lokin. Það voru stoltir nemendur sem gengu af sviði þann dag og voru foreldrar mjög hrifnir að þessu

fyrirkomulagi. Að það var hægt að leyfa þeim að fylgjast með þó svo að þeir mættu ekki mæta á staðinn. Það er okkar mat að vel hafi tekist til og ekkert nema ánægja fylgt þessu verkefni. Leggjum við því til að þessi viðburður verði árlegur í skólastarfinu hér í Varmahlíðarskóla.

Sigrún Ben.

Stóra upplestrarkeppnin

Undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar fór fram þriðjudaginn 9. mars í Varmahlíðarskóla. Nemendur stóðu sig allir með mikilli þrýði en þeir nemendur sem báru sigur úr býtum voru þær Bríet Bergdís Stefánsdóttir, Hallgerður Harpa Vetrarrós Þrastardóttir, Svandís Katla Marinósdóttir og Telma Sjöfn Sigurðardóttir sem var valin varamaður.

Tilgangur keppninnar er að efla áhuga og færni nemenda í upplestri og bókmenntum. Nemendur æfðu upplestur af miklum móð í allan vetur en í keppninni lásu þeir upp texta og ljóð að eigin vali. Dómarar keppninnar voru þau Gunnar Rögnvaldsson, Laufey Leifsdóttir og Ólafur Atli Sindrason.

Lokahátíðin í héraði fór fram 17. mars í Bóknámshúsi Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra þar sem fulltrúar grunnskóla Skagafjarðar kepptu til úrslita og þar komst Bríet Bergdís Stefánsdóttir í þriðja sæti.

Ýmsar hefðir hafa skapast í kringum keppnina undanfarin ár eins og þátttaka í samveru á Löngumýri með Kammerkórnum á Degi íslenskrar tungu 16.nóvember, upplestur fyrir eldri borgara sem og leikskólanemendur en það reyndist ekki hægt sökum Covid.

Kristvina Gísladóttir

Árshátíð yngri nemenda

Upphaflega stóð til að halda árshátíð yngri nemenda í Miðgarði þann 11. nóvember, en færa varð þá dagsetningu til þriðjudagsins 16. febrúar. Leikritið Herramennirnir var sett upp, eftir sögum Roger Hargreaves, í leikgerð Önnu Jórunnar Stefánsdóttur. Leikstjóri var Sara Gísladóttir með aðstoð annarra umsjónarkennara. Allir nemendur í 1. – 4. bekk tóku þátt í

sýningunni. Nemendur hófu æfingar mánudaginn 8. febrúar og æfðu á hverjum degi fram að sýningu. Mörg lög eru í leikritinu. Stefán R. Gíslason var fenginn til að spila þau og voru upptökur af þeim notaðar jafnt á æfingunum sem á sýningunni. Frá mánudagsmorgninum 15. febrúar færðust æfingar yfir í Miðgarð.

Sýningin fór svo fram í Miðgarði þriðjudaginn 16. febrúar kl. 15:00. Sökum strangra sóttvarnareglna voru gestir í sal einungis foreldrar og systkini nemendanna. Kynnar á sýningunni voru nemendur 1.bekkjar.

Umsjónarkennarar sáu um gerð sviðsmyndar, með dyggri aðstoð frá öðru starfsfólki og eldri nemendum. Tæknimenn voru Sara Gísladóttir, Einar Örn Einarsson og Stefán Gísli Haraldsson. Búninga og leikmuni komu nemendur með að heiman, fengu í skólanum og/eða að láni hjá starfsfólki.

Gestafjöldi var rétt um 100 manns. Árni Gunnarsson tók árshátíðina upp að þessu sinni og var hún sett á Youtube slóð.

Birgitta Sveinsdóttir, Hafdís G. Skúladóttir, Sara Gísladóttir og Sigrún Benediktsdóttir

Árshátíð miðstigs

Á haustönn urðu nokkrar umræður um fyrirkomulag árshátíða. Hefð hefur skapast fyrir því að fyrir áramót sé árshátíð yngri nemenda haldin en eftir áramót sé haldin hátíð eldri nemenda. Skipting nemenda hefur verið með ýmsu móti. Þó hefur viðmiðið um nokkurt skeið verið að nemendur 7.bekkjar fylgi eldri nemendum á þeirra árshátíð og taki þátt í þeirri vinnu eftir því sem leikverkið leyfir hverju sinni.

Eftir umræður og þær aðstæður sem sköpuðust vegna covid varð þó úr að hvert stig fyrir sig vann að árshátíð. Eins og fyrr greinir átti árshátíð að vera fyrir áramót og hafði henni verið valinn tími í nóvember en því varð ekki komið við vegna margs konar takmarkana og var málið því sett í bið.

Nokkur tími leið áður en afráðið var að hugsa málið á ný. Má segja að sú aðgreining sem varð til á covid tímabilinu í nóvember og desember hafi átt stærstan þátt í því hvað varð fyrir valinu. Á því tímabili var hver bekkur í sinni stofu og var Snorra saga eitt af þeim viðfangsefnum sem tekist var á við. Höfðaði sú saga nokkuð vel til hópsins og vakti spurningar og umræður sem nýttar voru til þess að sviðsetja valda atburði sögunnar og áður en leið á löngu var búið að afnema helstu höft í skólastarfi og var því hægt að leikgera alla söguna.

Hlutverkum var skipt á milli nemenda og hafist handa við að finna búninga og að hugleiða möguleika á því að taka verkið upp, enda var ekki talið líklegt að sýna mætti verkið að viðstöddum áhorfendum.

Til greina koma að láta nemendur taka þættina upp og klippa verkið saman. Nota átti greenscreen tækni og Ipad og að leyfa nemendum að teikna bakgrunn eða að finna hann eftir því sem við ætti hverju sinni. Nokkurra leiðbeininga var leitað og margs konar tilraunir gerðar en alltaf vantaði mikilvægasta þáttinn, hljóðið, sem einhverra hluta vegna skilaði sér ekki inn á upptökuna. Þar sem ekki er talið gott að vera án þess var ákveðið að fá fagfólk með góð tæki og tók einn lærisveina Skottafilm verkið að sér. Í millitíðinni hafði komið fram sú einfalda og snjalla tillaga að láta taka verkið upp í Glaumbæ. Þar má finna heppilega tókustaði og fremur sennilegt umhverfi þótt þar sé margt nútímalegra en á dögum Snorra. Haft var samband við Byggðasafnið og var leyfið auðsótt.

Allt var undirbúið í þaula, búnar til skrár um leikara, búninga sem þurfa að berast á milli leikenda, upptökutíma, upptökustaði, dagskrá annarra nemenda, matartíma og flest það sem nauðsynlegt er á tökudegi. Rétt í þann mund sem því var að ljúka, miðvikudaginn 24.mars var öllum skólum landsins lokað vegna enn einnar öldu covid. Páskafrí var því hafið og tökudagurinn sem átti að verða hinn 25.mars varð því að bíða þar til öldurnar lægði.

Öll él birtir upp um síðir. Þegar kom fram í apríl gafst færi á snúa aftur að verkinu, að rifja upp gamla takta og var hægt að koma því svo fyrir að upptökum lauk fyrir sumardaginn fyrsta.

Dagurinn fór allur í upptökur eins og ráðgert hafði verið en upptakan sjálf hefur enn ekki borist og því veit enginn ennþá hvernig tókst til.

Trostan Agnarsson, Þyrey Hlífarsdóttir og Kristvina Gísladóttir

Árshátíð unglingastigs - Monty Python

Eins og undanfarin ár höfðu nemendur 10.bekkjaraárshátíðarval á stundatöflu sinni á haustönn. Hefð er fyrir því að haustið sé nýtt til þess að velja verk, æfa það og að huga að sviðsmynd, búningum og öðru sem tilheyrir við undirbúning leiksýningar.

Haustið fór af stað á hefðbundinn hátt og eftir umræður kom í ljós að ekki var grundvöllur fyrir því að setja upp söngleik eins og gert hefur verið mörg undanfarin ár. Þar með fækkaði möguleikum nokkuð en þó var valið hvorki fljótlegt né einfalt. Til þess að gera langa sögu stutta varð tillaga um leikþætti úr smíðju Monty Python efst á blaði og varð verkefni hópsins.

Handrit fékkst frá Bandalagi íslenskra leikfélaga og fáeinir þættir til viðbótar bættust svo við úr heimi alnetsins. Nemendur fengu að spreyta sig á ýmsum hlutverkum og að setja fram óskir um draumahlutverk.

Fljótlega eftir það urðu þær breytingar á skólastarfi að upp voru teknar fjarlægðarreglur og af því leiddi að ekki var hægt að sinna leiklistaræfingum. Þær voru því engar í nóvember og desember.

Ástandið breyttist nokkuð eftir áramót. Þá var gefinn nokkur slaki og möguleikar gáfust til æfinga á ný. Þó var alls óvíst hvort hægt yrði að bjóða upp á sýningu fyrir fullum sal, hvort nota ætti möguleika á streymi eða að hafa sýningu síðar í þeirri von að ástandið lagaðist. Afráðið var að ljúka verkinu sem fyrst þar sem óvíst væri með allar horfur. Talið var farsælast að taka verkið upp og sá Skottafilm um það. Til þess að einfalda leikmynd var ákveðið að nota greenscreen tækni. Þannig virtist mega einfalda margt og búa til fallega leikmynd án mikillar fyrirhafnar. Það var þó heldur gott til þess að vera satt. Tæknin hentaði ekki fyllilega fyrir þetta verk og fór mikill tími í það fyrir klippara að fá allt til þess að líta nokkuð eðlilega út, eða um fimmfalt lengri tími en í hefðbundinni upptöku.

Atriðin voru stutt. Verkaskipting var skýr og voru leikhóparnir tveir. Annars vegar 10.bekkur sem sá um flest atriðin og svo 8.og 9. bekkur sem fékk færri atriði í sinn hlut, enda talinn í aukahlutverki.

Til stóð að taka verkið upp í skólanum en það var ekki talið henta almennilega og svo var talin meiri stemning í því fyrir leikarana að fá að flytja verkið á sviði í Miðgarði. Hópurinn fékk því nokkra daga til þess að máta sig við húsið en því miður brast á vetrarstormur á upptökudeginum og varð því að fresta upptöku fram á mánudag og má segja að enginn hafi grætt á því, en ekki verður við öllu séð.

Slóð á upptökuna er [hér](#).

Trostan og Ólafur Atli

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2020-2021 var námsráðgjafi í 50% starfi við Varmahlíðarskóla. Helstu verkefni hans voru einstaklingsviðtöl við nemendur og fræðsla í bekkjum um nám og störf, námstækni og framhaldsskólakerfið. Einnig má nefna þátttöku í bekkjarfundum og vinnu með samskipti og hópefli í nokkrum bekkjum. Námsráðgjafi sinnti ráðgjöf við kennara auk þess sem hann sat nemendaverndarráðsfundi.

Nemendur 10. bekkjar fóru í heimsókn í FNV ásamt öðrum 10. bekkjum í Skagafirði, skoðuðu skólann, heimavistina, borðuðu mat í mötuneytinu og enduðu á því að sjá leiksýningu nemendafélagsins, Footloose. Kynningarfundur var haldinn í samstarfi við FNV þar sem nemendur 9. og 10. bekkjar fengu kynningu á FNV. Fulltrúar FNV kynntu námsframboð og félagslíf skólans. Nemendur 10. bekkjar fengu einnig rafrænar kynningar á Menntaskólanum á Akureyri og Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Til stóð að nemendur í 10. bekk færu í starfskynningar í vetur en vegna Covid19 varð því miður ekkert úr því.

Helga Rós Sigfúsdóttir

Nýsköpunarkeppni grunnskóla

Tilgangur keppinnar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig megi þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Í vetur tókum við enn og aftur þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Verkefnið var kynnt nemendum í 5., 6. og 7. bekk. Nemendur höfðu frjálst val um hvort þeir tóku þátt eða ekki, nokkrir kusu að taka þátt, ýmist sem einstaklingar eða í þörum. Þá fengu nemendur tíma með kennara í kennslustundum í náttúrufræði til að vinna að hugmynd. Engar niðurstöður voru komnar í skólalok um það hvort einhverjir nemendur fengu viðurkenningu þar sem skilafrestur var lengdur til 20. maí.

Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Nýsköpunarkeppni í 5. bekk

Nokkuð löng hefð er fyrir Nýsköpunarkeppni grunnskólanna (NKG) en sú keppni hefur verið haldin um þriggja áratuga skeið fyrir nemendur á miðstigi. Þar fá nemendur tækifæri til þess að senda inn hugmyndir sem gætu leyst vanda eða einfaldað líf fólks á einhvern máta.

Þar er svo unnið úr innsendum hugmyndum og fá útvaldar hugmyndir að verða að veruleika á vordögum þar sem hugmyndasmiðirnir fá aðstoð og aðstöðu til þess að búa til frumgerð hugmyndar sinnar og að fá að njóta þess um skeið að vera frumkvöðull eða uppfinningamaður.

Keppnin í 5. bekk í ár var um margan hátt byggð á sama grunni en þó öll smærri í sniðum.

Segja má að þetta hafi verið inngangur að stóru keppninni eða kennsla í vinnubrögðum. Ingvi Hrannar Ómarsson, kennsluráðgjafi, skipulagði keppnina og ferðaðist á milli skóla í Skagafirði og eyddi dagsstund í það með nemendum að ræða um uppfinningar, kynna uppfinningar og að prófa svo að leysa alls konar vandamál með nemendum.

Áhugi var vakinn með því að sýna dæmi um fjölmargt sem börn hafa fundið upp með því að horfa á heiminn með opnum huga og að láta ekki það hefðbundna útiloka góðar lausnir. Það er ekki sjálfsagt að allt þurfi að vera eins og það hefur alltaf verið. Það eru til fleiri leiðir. Eftir kynninguna var nemendum falið að hugsa um vandamál, um eitthvað leiðinlegt verk sem mætti einfalda eða um eitthvað sem gæti létt þeim eða öðrum lífið. Lagt var til að þeir hugsuðu um fullkomna lausn. Hið allra besta.

Þegar búið var að velja viðfangsefni var hafist handa við að teikna lausnina upp og að skrifa inn skýringar þar sem við átti svo að augljóst væri til hvers uppfinningin væri. Að því loknu tóku nemendur mynd af uppfinningu sinni og töluðu svo inn kynningu sem var lögð fyrir dómnefnd.

Dómnefnd fór yfir niðurstöður og ferðaðist svo á milli skóla til þess að veita viðurkenningar fyrir góðar hugmyndir og fengu tveir nemendur héðan verðlaun, þeir Ísleifur Eldur Þrastarson, fyrir segul í drifskafli, og Viktor Daði Ingason fyrir hjálparleikarann.

Trostan Agnarsson

Útskriftarferðalag 10. bekkjar vorið 2021

Þar sem heimsfaraldur kórónu hefur geysað um tveggja ára skeið, var ekki útlit fyrir að hægt væri að fara til Danmerkur í skólaferðalag, eins og verið hefur um fjölmargra ára skeið. Ákveðið var, af þeim sökum, að fara í innanlandsferð (við misgóðar undirtektir nemenda).

Unglingastigsteymið - Óli, Helga og Unnur - settust niður og skipulögðu fjögurra daga ferðalag innanlands - þar sem Suðurlandið var í forgrunni. Ákveðið var að verja fyrsta deginum í höfuðborginni, þá að halda til Vestmannaeyja og síðan halda til Hvolsvallar, þar sem dvelja skyldi til næsta dags, áður en haldið yrði heim á leið.

Fararstjóri var Ólafur A. Sindrason og honum til gjörvallrar aðstoðar voru Helga Þorbjörg Hjálmarsdóttir og Sif Káradóttir. Bílstjóri kallaður Silli.

Ferðalagið hófst þriðjudagsmorguninn 18. maí. Nemendur komu í skólann með skólabílum og borðuðu morgunverð, áður en haldið var af stað til Reykjavíkur - um kl. 9.30

Stoppuðum í Staðarskála þegar náttúran kallaði á suma - en að öðru leyti brunað beina leið í Mosfellsbæinn - þar sem numið var staðar við hinn vinsæla stað KFC. Nemendur höfðu þá val um að fá sér að borða þar - á Dominos eða á Subway.

Eftir að hafa borðað var haldið áleiðis niður í Perluna - þar sem nemendur fóru einn hring á sýningu tengdri norðurljósum, jökulum og vatni. Afskaplega vel uppsett sýning. Þaðan var haldið í Kringluna - og nemendur fengu að valsa þar um í ca. 1,5 klukkutíma.

Úr Kringlunni var haldið áleiðis í Grafarvoginn og í Skemmtigarðinn þar. Dvöldum við þar í ca. 5,5 klukkutíma, áður en haldið var á Hótel Cabin - í Borgartúni - þar sem við gistum um nóttina.

Eldsnemma næsta morgun - eða um kl. 7.00 voru nemendur ræstir í morgunmat. Síðan var haldið um kl. 8.00 áleiðs til Nesjavallavirkjunar - þar sem nemendur tókust á við allskyns áskoranir í formi "Adrenalíngarðs". Verulega skemmtilegt.

Frá Nesjavöllum var haldið til Selfoss þar sem hið ágæta veitingahús KFC var heimsótt. Þaðan var síðan haldið rakleitt í ísbúð Huppu á Selfossi og sumarið sleikt inn með sérvöldum bragðtegundum.

Frá Ísbúð Huppu var keyrt sem leið lá að Seljalandsfossi - þar sem nemendur örkuðu sem leið lá á bak við fossinn. Nutum við blíðviðris undir Eyjafjöllum áður en haldið var til Landeyjahafnar þar sem Herjólfur var tekinn til Eyja.



Þegar til Eyja kom örkuðum við á Hótel Vestmannaeyjar og tensuðum okkur til fyrir hið fína veitingahús Tangann - sem staðsett er niður við brygguna. Himneskur matur og afbragðs þjónusta. Eftir matinn örkuðum við á hótelið aftur - og síðan í skoðunarferð um bæinn; Herjólfsdal, Sprönguna og fleiri merkisstaði.

Morguninn eftir var farið í útsýnissiglingu um Eyjar, klukkutíma langa ferð. Afbragð. Eftir á að hyggja hefðum við gjarnan kosið tveggja tíma ferð - en líklega fer það svolítið eftir sjólagi á hverjum tíma.

Eftir það var haldið í Eldheima - hið stórfenglega safn um gosið í Vestmannaeyjum.

Þaðan var haldið í humáttina að bryggjunni þar sem við tókum Herjólf aftur á fasta landið. Þegar við höfðum fast land undir fótum var haldið til Hvolsvallar og farið í sund. Eftir það var

haldið í Midgard BaseCamp - þar sem ætlunin var að borða kvöldverð og gista. Kvöldverðurinn samanstóð af lasagne og heilsu eftirréttir. Hann stóðst ekki væntingar.

Morguninn eftir, þann 21. maí, var haldið áleiðis að Sólheimajökli - en þar var áætlað að fara í jöklagöngu. Rútan okkar keyrði okkur áleiðis að jöklinum - að bílaplani sem staðsett er á Þórsmerkurvegi. Frá bílastæðinu er ca. tuttugu mín. ganga að jökulröndinni.

Fararstjórar/leiðsögumenn okkar byrjuðu á því að fara ítarlega yfir öryggisatriði og síðan var hverjum og einum úthlutað viðeigandi búnaði, ísbroddum. Veður var hið blíðasta - sól og logn. Gangan á jökulinn tók í það heila um tvo og hálfan tíma og var að allra mati stórkostleg upplifun. Leiðsögumenn okkar fá 10,5 í einkunn; Árni og Addi.

Þegar komið var úr jöklagöngunni var haldið áleiðis til Hvolsvallar aftur og komið við í ísbúðinni Valdís (ekki fallbeygingarvilla nb.)

Frá Hvolsvelli var haldið áleiðis heim - með viðkomu á Draugasetrinu á Stokkseyri. Komum þangað um kl. fjögur. Draugasetrið hefur nokkurn veginn staðist tímans tönn en nemendur voru nokkuð fljótir í gegnum safnið - miðað við upplegg.

Áleiðis í Skagafjörðinn var síðan haldið um kl. fimm og komið í hlað hjá Varmahlíðarskóla um kl. hálf ellefu.

Góður rómur var gerður að ferðinni, af nemendum og kennurum.

Ólafur Atli

Sérkennsla og stuðningur við nemendur

Til að mæta ólíkum þörfum nemenda býður Varmahlíðarskóli upp á sérkennslu og stuðning af ýmsu tagi. Sérkennsla og stuðning við nemendur annast kennarar, sérkennari, þroskajálfari og stuðningsfulltrúar skólans. Sérkennsla/stuðningur getur verið kennsla einstaklinga eða lítilla hópa og fer fram í bekkjarstofu eða í sérkennslustofum, allt eftir því sem þykir henta hverju sinni. Stuðningsfulltrúar vinna með kennurum og veita einstökum nemendum stuðning, jafnt í kennslustundum sem utan þeirra, t.d. í matsal, í frímínútum og í íþróttahúsi. Umsjón með sérkennslu/stuðningi hefur deildarstjóri stoðþjónustu, Sara Regína Valdimarsdóttir.

Til grundvallar stuðningi liggur mat á stöðu einstakra nemenda, unnið innan skólans, eða greining frá viðurkenndum greiningaraðilum, svo sem sérkennara (lestrargreining) og /eða sálfræðingi Fræðsluþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingi, Greiningarstöð ríkisins, Þroska- og hegðunarstöð eða öðrum. Einn liður í að greina námserfiðleika og þörf fyrir stuðning er að skima nemendahópa. Kennarar skólans nýta sér skimunarpróf úr Skagfirsku skimunarmöppunni en allir grunnskólar Skagafjarðar vinna skv. henni. Þá eru notuð lestrarpróf, Lesferill, sem gefin eru út af Menntamálastofnun og eru lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans. Hér er yfirlit yfir þau skimunarpróf og prófníðurstöður sem skólinn nýtti sér s.l. skólaár:

- Leið til læsis í 1. bekk. Skimun í október.
- Lesferill. Leshraðapróf lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans í september, janúar og maí. Fylgiprófin sjónrænn orðaforði, nefnuhraði og orðleysur eru lögð fyrir í 1.-4. bekkí janúar.
- LOGOS lestrarskimun í 3., 6. og 9. bekk fyrir þá nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum Lesferils um leshraða og ekki eru greindir með dyslexiu.
- Talnalykill einstaklingsgreining í stærðfræði fyrir þá nemendur sem þurfa þykir.
- LOGOS einstaklingsgreining í lestri fyrir þá nemendur sem þurfa þykir.
- Lesskilningsprófið Orðarún að hausti í 3.-8. bekk.
- Aston Index stafsetningarathugun í 2.-7. bekk að hausti.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.

Úrræði skólans við sérkennslu/stuðning eru margvísleg og miðast við hvern og einn einstakling eða hóp. Fyrir sérhvern nemanda sem einhvers stuðnings nýtur er gerð einstaklingsáætlun. Áætlunin er unnin af umsjónarkennara nemanda í samstarfi við stuðningsaðila, svo sem kennara, þroskapijálfa og stuðningsfulltrúa. Gengið er út frá bekkjarnámskrá ef mögulegt er og einstaklingsnámskrá löguð jafnt að henni sem þörfum einstaklings. Þegar einstaklingsáætlun liggur fyrir er hún send heim til kynningar og samþykktar foreldra. Einstaklingsáætlun er metin af stuðningskennara í maí og skrifuð skýrsla um framkvæmd kennslu. Sem dæmi um sérkennslu/stuðnings úrræði má nefna aðlögun námsefnis, notkun kennsluforrita, notkun hljóðefnis og myndefnis á Netinu, og notkun talgervla eins og Easy Tudor, Voice Dream Reader og Speechify. Með spjaldtölvuvæðingu nemenda gefst tækifæri á að sníða námsefni og skil þess enn betur að þörfum hvers og eins. Stundum fá nemendur fleiri verklegar greinar í stað bóklegra ef það

hentar þeim betur, einnig fá nemendur aðstoð og utanumhald við heimanám. Þá fá nemendur stuðning í prófum/námsmati ef óskað er og/eða kennari metur svo, þar má nefna upplestur spurninga og skriftaraðstoð, munnleg próf, lengdan tíma og næði í sérstofu.

Gott samstarf við heimili nemenda er mikilvægt því samhent vinnubrögð og opin umræða eru forsendur þess að góður árangur náist við stuðninginn. Í þeim tilfellum sem um mikinn stuðning er að ræða við nemendur eru haldnir reglulegir teymisfundir á 6-8 vikna fresti með foreldrum, stuðningsaðilum innan skólans og deildarstjóra stoðþjónustu auk þess sem aðrir aðilar koma inn á fundi, svo sem ráðgefandi þroskþjálfari frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingur og sjúkrþjálfari. Reynt er að koma því við að halda reglulega teymisfundi 2-4 sinnum yfir veturinn vegna allra nemenda sem sérlegs stuðnings njóta.

Náms- og starfsráðsgjafi.

Náms- og starfsráðsgjafi starfar við skólann í 50% starfi.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð kom saman að jafnaði á 6 vikna fresti á starfstíma skólans.

Fundi ráðsins s.l. vetur sátu: skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, náms- og starfsráðsgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og sérfræðingur á fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Megintilgangur ráðsins er að bæta upplýsingaflæði á milli aðila sem vinna með nemendur sem eiga í erfiðleikum og leita ráða til úrbóta.

Talmeinafræðingur

Á vegum Fræðsluþjónustu Skagafjarðar er starfandi talmeinafræðingur. Hann kemur u.þ.b. einu sinni í mánuði í Varmahlíðarskóla og hittir nemendur auk þess að veita ráðgjöf til kennara og stuðningsaðila. Hann hittir einnig nemendur utan skólans ef vinna með þeim fellur undir Sjúkratryggingar Íslands.

Sálfræðingur

Sálfræðingur frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar sinnir greiningarvinnu við skólann. Hann kemur einu sinni í mánuði hingað á svæðið. Hann heldur skilafundi með foreldrum, umsjónarkennara, stuðningsaðilum og deildarstjóra stoðþjónustu að greiningu lokinni.

Sérfræðingur á fjölskyldusviði.

Sérfræðingur á fjölskyldusviði hefur viðveru í skólanum einu sinni í viku að jafnaði. Hann hittir nemendur í viðtölum og er starfsfólki skólans til ráðgjafar ef þurfa þykir. Hann situr

fundi nemendaverndarráðs auk þess að sitja teymisfundi vegna einstakra nemenda ef um er beðið.

Greiningaraðilar utan skólans.

Ef aðilar utan skólans, svo sem Greiningarstöð ríkisins eða þroska- og hegðunarstöð annast greiningu nemenda er venjulega haldinn skilafundur með aðilum þáðan og deildarstjóra stoðþjónustu og umsjónarkennara. Oftast eru þetta símafundir.

Sara R. Valdimarsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu

Tölvu- og upplýsingatækni

Allir nemendur skólans nota iPad við að einhverju leyti við nám sitt, misjafnt er eftir nemendum, viðfangsefnum og námsgreinum að hve miklu tækin eru nýtt. Á yngsta stigi (1.-4. bekk) er fjöldi iPad tækja þannig að tveir nemendur eru um hvert tæki. Allir nemendur á miðstigi (5.-7. bekk) eru með iPad 1:1 sem eru í eigu skólans. Nemendur í 8.-10. bekk voru áður komin með iPad 1:1 og eiga allflestir sjálfir sín tæki. Ingvi Hrannar Ómarsson kennsluráðgjafi kom í tvær vikulotur á skólaárinu og vann með unglingastigi annars vegar og miðstigi hins vegar. Álfhildur Leifsdóttir vann með yngsta og miðstigi í forritunarverkefnum, auk þess að kenna valáfanga í forritun á unglingastigi á vorönn.

Seesaw var innleitt á skólaárinu fyrir alla á yngsta stigi og miðstigi. Kerfi Seesaw er nokkurs konar rafræn umsýsla á ferilmöppum þar sem hægt er að leggja fyrir verkefni og halda utan um verkefnaskil og námsmat. Á miðstigi byrja nemendur að kynna og vinna í Google Classroom en það er nýtt í flestum námsgreinum á unglingastigi.

ChromeBook tölvur skólans í nemenda notkun eru 39 stk. Einnig á skólinn 4 MacBook fartölvur sem hafa ásamt Chromebook verið til útláns í bekkina eftir þörf. Í tölvustofu eru 15 PC borðtölvur. Allar Chromebook tölvurnar eru á vögnum og er dagleg notkun tækjanna umtalsverð í kennslustofum skólans.

Innkoma iPada og Chromebook í skólastofurnar hefur breytt vinnu- og námsumhverfi nemenda til muna. Lagt er upp með að tæknin og tækin séu námstæki og að ný vinnubrögð

auki fjölbreytni og möguleika til einstaklingsmiðunar í námi. Að áherslan aukist á nemandann og vinnubrögð hvers og eins.

Áfram er gert ráð fyrir þróun kennsluhátta með auknum tækjabúnaði. Náms- og kennsla er sífellt í endurskoðun með tilliti til tækni og nýrra þarfa atvinnulífs og samfélags. Ánægja er meðal nemenda, foreldra og kennara með þróun kennsluhátta og notkun tækni en það er líka brýn þörf á samvinnu og samstilltu átaki heimila og skóla. Að tækninni sé búin sú umgjörð að hún sé til gagns. Að aðilar séu samstíga í að hlúa að góðum umgengnisvenjum í meðferð tækjanna sem og í netheimum.

Hanna Dóra Björnsdóttir

Skólahreysti 2020-2021

Í vetur var kennd Skólahreysti í val tímum eins og fyrri ár, mjög góð þátttaka er í valinu og mikill áhugi hjá nemendum að spreyta sig í ýmsum þrautum en auk skólahreystiþrautanna eru æfðar ýmsar þol- og styrktaræfingar. Liðið til að keppa á Akureyri 4. maí var svo valið með ýmsum tímatökum og útreikningum og var keppnin hörð um að komast í liðið í ár en það fór svo að Ísak Agnarsson og Arndís Katla Óskarsdóttir urðu hlutskörpust í hraðabrautinni og Kristinn Már Eyþórsson og Herdís Lilja Valdimarsdóttir í hreystiþrautum, Hákon Kolka Gíslason og Lydía Einarsdóttir fóru sem varamenn. Í vetur leit út fyrir að ekkert yrði úr keppninni þar sem Covid 19 gekk í bylgjum og miklar fjöldatakmarkanir voru í gangi en að lokum náðist að halda undankeppnina á Akureyri án áhorfenda og var hún sýnd í beinni útsendingu sem var mjög gott svo allir gátu fylgst með heima. Liðinu okkar gekk mjög vel, voru í efsta sæti í hraðabraut og enduðu í öðru sæti riðilsins með 49 stig og aðeins einu stigi á eftir Dalvík sigurvegara riðilsins. Í ár var aðeins öðruvísi skipulag á undankeppnunum þar sem aðeins 7 undanriðlar voru keyrðir og 5 lið með bestan árangur valin úr. Varmahlíð

var eitt af þessum 5 og var þá komið í úrslitakeppnina 5 árið í röð. Laugardaginn 29. júní var brunað suður með keppendum og



varamenn í Mýrina í Grafarvogi þar sem keppnin fór fram og var sýnd í beinni útsendingu. Liðið okkar stóð sig mjög vel og endaði í 10 sæti þetta árið.

Sigurlína Einarsdóttir

Valgreinar á miðstigi

Eftir að fundað hafði verið með Ingvari Sigurgeirssyni á vordögum kynnti hann ýmsar

hugmyndir að fyrirkomulagi. Sú sem hann mælti hvað mest með var svokölluð hringekja að vestfirskri fyrirmynd. Þar hafði hún verið notuð um árabíl með góðum árangri.

Hin upphaflega hugmynd á bak við hringekjuna var að nemendur gætu átt kost á því að þetta liðsheildina og að auka á samskipti. Greinarnar eru því meira og minna verklegar.

Þegar skipulagið var kynnt hér í skólanum var ákveðið að hliðra til í stundatöflu og að taka þrjá tíma undir þetta skipulag. Einn tíma í senn.

Skipulagið var þannig að hver hópur fékk u.þ.b. 5 vikur í einu í sína valgrein og var svo skipt. Hver nemandi var í þremur valgreinum samtímis, einni á hverjum degi. Þær valgreinar sem voru vinsælastar voru látnar ganga þrisvar sinnum svo að allir gætu komist í vinsælustu greinarnar.

Sem dæmi um valgreinar má nefna: víkinga, skák, jurtalitun, heilbrigði, leikþætti, Harry Potter, kjarkur og þor og slökun.

Valið mæltist vel fyrir á meðal nemenda. Þegar covid setti strik í reikninginn þurfti að breyta skipulagi allmikið og féllu valgreinar því út af dagskrá. Þegar aftur rofaði til og mögulegt varð að blanda hópum tóku aðrar annir við eins og árshátíðarundirbúningur. Lítið varð því úr valgreinuum eftir það.

Þyrey, Kristvina, Sigrún Björg og Trostan

Valgreinar í 8. – 10. bekk

Valgreinar eru kenndar í átta kennslustundir á viku, tvær í senn. Nemendur velja sér fjórar valgreinar hvora önn. Hlutfall kennslustunda í vali eru um það bil 22 % af kennslu nemenda í unglingadeild. Í vetur var boðið upp á kennslu í valgreinum í 8., 9. og 10. bekk. Öllum nemendum er skylt að vera í einni listgrein og einni verkgrein á hverju skólaári. Valgreinar voru fjölbreyttar og eru íþróttatengdar greinar alltaf vinsælar. Hér fyrir neðan má sjá þær valgreinar sem í boði voru.

Valgreinar - haustönn	Kennari
Árshátíðarval Heimilisfræði Íþróttaval Leikskólaval Málmsmíði Skólahreysti Smíðar Stuttmyndagerð Textílmennt Tónlistarval UTN fjarnám fyrir 10. bekk	Trostan Agnarsson/Ólafur Atli Sindrason Bryndís Bjarnadóttir Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Starfsfólk leikskólans Einar Örn Einarsson Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Óskar Már Atlason Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Þyrey Hlífarsdóttir Helga Rós Sigfúsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
Valgreinar- vorönn	Kennari
Fjármálalæsi Forritun Gaman saman Heimilisfræði Íþróttaval Málmsmíði Skólahreysti Smíðar Textíll UTN fjarnám fyrir 10. bekk Hestamennska Þrívíddarprentun	Helga Rós Sigfúsdóttir Álfhildur Leifsdóttir Kennarar 1.-2. bekkjar Bryndís Bjarnadóttir Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Einar Örn Einarsson Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Óskar Már Atlason Þyrey Hlífarsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Í samvinnu við Háskólann á Hólum Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Boðið var upp á þrjár nýjar valgreinar í vetur en það var fjármálalæsi, forritun og þrívíddarprentun.

Fjögurra daga námskeið í hestamennsku hefur verið í boði fyrir 9. bekkina á vegum nema við Háskólann á Hólum. Að þessu sinni nýttu 15 nemendur sér námskeiðið sem haldið var í febrúar.

Lára Gunndís Magnúsdóttir

Vinaliðaverkefnið

Þetta skólaár hefur Varmahlíðarskóli, eins og aðrir skólar í Skagafirði, verið þátttakandi í verkefninu Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu eins og við höfum kosið að kalla það. Sigríður Inga Viggósdóttir hefur haldið utan um verkefnið í vetur en verkefnastjórar hér hafa verið undirritaðar.

Verkefnið gengur út á að nemendur í 4. - 7. bekk skipuleggja og stjórna leikjum í frímínútum. Þeir nemendur sem stjórna leikjunum nefnast vinaliðar. Þeir eru valdir af bekkjarfélögum sínum og starfa einu sinni í viku, hálf t skólaár í senn. Vinaliðar störfuðu allan veturinn þetta skólaárið vegna Covid-19.

Vinaliðar fá sérstaka þjálfun fyrir sín störf m.a. leikjanámskeið og einnig umbun í formi fríðindakorts og lokahófs. Vorum við með 6 vinaliða eða tvo úr hverjum árgangi í 4. – 7. bekk, stelpu og strák, eða 12 yfir skólaárið.

Í vetur var verkefnið einnig á unglingastigi en þar þurfa nemendur að bjóða sig fram og valið er úr hópi þeirra sem það gera Þess má geta að vinaliðar nýttu salinn í íþróttahúsinu.

Aðalmarkmiðið með verkefninu er að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútunum og skapa um leið betri skólaanda. Einnig að bjóða nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í morgunfrímínútum þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Vegna Covid-19 þá varð pása í Vinaliðaverkefninu frá byrjun nóvember til janúar. Þar sem skólastarf breyttist mikið við Covid-19 og samkomubann þá var ekki hægt að vera með leikina á meðan.

Þann 26.apríl var þakkardagur fyrir alla vinaliða. Farið var í hús frítímans í allskonar leiki og borðaður matur frá Lemon.

Reynsla okkar í vetur sýnir að störf Vinaliða ýta undir fjölbreyttari leiki, betri samskipti nemenda og vinskapa þvert á aldur. Gaman hefur verið að sjá hvernig nemendur skemmta sér í leik hvort sem um er að ræða gamla og góða leiki eða nýja.

Hafdís Edda Stefánsdóttir og Rikke Busk

Vorferð 1. - 4. bekkjar

Miðvikudaginn 19. maí fóru 1. - 4. bekkur í vorferð - 39 nemendur og 6 starfsmenn. Kennt var í fyrstu kennslustund og borðaður morgunmatur í skólanum. Leiðin lá fram í Lýtingsstaðarhrepp og farið var í heimsókn á Stórhól, Lýtingsstaði og Bakkaflöt. Lagt var af stað klukkan 9:30 og voru nemendur í 3. og 4. keyrðir í Lýtingsstaði en 1. og 2. bekkur fóru á Stórhól. Stoppað var í um hálf tíma á hvorum bæ og síðan var skipt um stað. Evelyn tók á móti nemendum á Lýtingsstöðum klædd peysufötum og sjali. Hún fræddi okkur um hvernig fólk bjó gamla daga og sýndi okkur torfbæinn, hesthús, sem þau hjónin hafa byggt upp.

Á Stórhóli tóku hjónin á móti okkur, þar vorum við frædd um ýmskonar handavinnu og hvernig hugmynd verður að afurð. Þá fengu nemendur að sjá húsfreyjuna kemba geitaull og spinna. Á bænum voru nýfæddir kettlingar og hvolpar og fannst nemendum afar spennandi að berja þá augum. Áður en heim var haldið, fengu krakkarnir íspinna í boði bænda.

Næst lá leiðin á Bakkaflöt þar sem nemendur fengu að spreyta sig í þrautabraut og í loftboltum. Þurftu krakkarnir að hafa með sér aukaföt, því þarna var í boði heilmikið vatnssull. Að lokum voru grillaðar pylsur og sykurpúðar á tjaldsvæðinu og fengu nemendur einnig ís í boði húsbænda.

Ferðin endaði svo í Varmahlíð þar sem allir skelltu sér í sund. Skóladegi lauk á venjulegum tíma, kl. 14:50 og fóru allir glaðir heim.



Birgitta, Hafdís Guðlaug og Sigrún Ben.

Vorferð 8. - 9. bekkjar 19. maí 2021



Nemendur byrjuðu á því að fá morgunverð kl 8:15 og var lagt af stað frá Varmahlíð um 8:40.

Komið á Skagatrönd um 9:35 og byrjað á því að skoða Vörusmiðju Biopol þar sem Þórhildur María Jónsdóttir tók á móti hópnum og kynnti fyrir honum starfsemina sem fer fram þar.

Síðan lá leiðin í Spákonuhof þar sem nemendur fengu um klukkustundar fyrirlestur um Þórdísi spákonu sem var uppi á síðari hluta 10. aldar.

Að lokum var farið á pizzahlaðborð á veitingastaðnum Teni á Blönduósi og endað á sundferð þar.

Nemendur skemmtu sér ágætlega og stóðu sig með sóma.

Heimkoma um 14:45.

Helga Sig. og Unnur Erla

Vorferðir miðstigs

Nemendur í 5. og 6. bekk fóru saman í ferð á þessu vori þar sem nemendur 6.bekkjara fóru ekki hefðbundna ferð síðasta vor vegna aðstæðna í samfélaginu. Þegar færi gafst þennan vetur unnu hóparnir saman að því að vinna margs konar verkefni um heimabyggðina.

Lengi vetrar var óvissa um það hvort af hefðbundinni hringferð yrði en að lokum var skipulögð ferð um framhérað Skagafjarðar með viðkomu á Reynistað og svo endað á hringferð um Hegranes. Daginn áður en lagt var í hann var starfsfólk boðað til bólusetningar klukkan 14:00 og þurfti því að stytta ferðina nokkuð. Heimakstur var klukkan 13:30 og þurfti ferðinni því að ljúka fyrir þann tíma.

Hópurinn fór í morgunmat strax að morgni. Ekið var fram Efribyggð og þaðan niður í Dalspláss. Staldrað var við í Stapa og horft yfir á söguslóðir úr Sturlungu. Þaðan var ekið að Vindheimamelum. Ekki var talið heppilegt að fara yfir Svartárbrúna og var því ekið til baka að Varmahlíð og farið um Hólminn að Vindheimamelum. Þar var gengið að Fosslaug og gat fólk þar þvegið af sér ferðarykið og búið sig undir seinni hluta ferðarinnar.

Eftir myndatöku við Reykjafossinn var farið að Arnarstapa og staldrað þar við um stund við söng og svolitlar umræður. Þá var komið að síðasta áfangastað, Víðimýri. Þar tók leiðsögumaður frá Byggðasafninu á móti hópnum og eftir fræðslu þar voru grillaðar pylsur og svo haft kex á eftir til hressingar. Eftir þá nestisstund var farið í margs konar leiki eins og tilheyrir á vori.

Ferðin var nokkuð góð þó að fremur kalt hafi verið. Skyggni var einkar gott en andkalt og ekki hentugt til langrar útiveru. Sólin yljaði þó og var hægt að njóta þess að vera úti í skjóli sunnan undir vegg.

Sjöundi bekkur fór ekki í hjólaferð á síðasta vori og stóð því til að hópurinn hjólaði á þessu vori og gisti í Heiðarlandi. Komin er löng hefð á slíka ferð og njóta nemendur þess þá að dvelja við nokkru minni þægindi en þeir eru vanir í sínu daglega lífi.

Kuldatíð og fjölmargt annað kom í veg fyrir að hópurinn færi þessa ferð. Því var ákveðið að velja dagsferð í staðinn og var horft í ýmsar áttir. Að lokum var bent í vestur og valið úr margs konar ævintýrum í Húnaþingi. Þegar búið var að skoða viðfangsefni í báðum sýslum kom boð í bólusetningu og þurfti því að stytta ferðalagið nokkuð.

Úr var ferð á Blönduós. Þar var farið í margs konar leiki, farið í sundlaugina, málsverður snæddur á N1 og má segja að hápunktur ferðarinnar hafi verið gönguferð í Hrótey en þar fengu nemendur nesti og nutu þess að fylgjast með fuglalífi, einkum og sér í lagi gæsum sem alltaf gleðja á vorin.

Í heild var þetta fremur vel heppnuð ferð, þrátt fyrir allar breytingar og endurskoðanir og má með sanni segja að ferðin hafi verið mun betri en ferðin, sem aldrei var farin.

Kristvina, Þyrey, Sigrún Björg og Trostan